

14. desember 2022

Tilvísun: 2207071

Dreifibréf númer: 42/2022
til váttryggingafélaga
(að undanskilinni Náttúruhamfaratryggingu Íslands)
og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Viðmiðunarreglur EIOPA um mat á váttryggingaskuld – Gjaldþolsáætlun II (Solvency II).

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) vekur athygli á því að Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur gefið út endurskoðaðar (e. revised) viðmiðunarreglur (e. guidelines) um mat á váttryggingaskuld [EIOPA-BoS-22-393](#).¹ Viðmiðunarreglurnar taka gildi 1. janúar 2023 og er þeim ætlað að gilda samhliða gildandi viðmiðunarreglum um sama efni frá árinu 2014 [EIOPA-BoS-14/166](#).²

Viðmiðunarreglurnar eru settar fram í 19 tölusettum liðum og gilda bæði um einstök fyrirtæki og samstæður. Þær fela annars vegar í sér nýjar viðmiðunarreglur og hins vegar breytingar á eldri viðmiðunarreglum um það hvernig beita eigi kröfum sem fram koma í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga - Gjaldþolsáætlun II (Solvency II),³ sem innleidd var í íslenskan rétt með lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi og lögum nr. 60/2017 um váttryggingasamstæður, og kröfum sem fram koma í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við þá tilskipun,⁴ sem innleidd var í íslenskan rétt með reglugerð nr. 55/2022, um gildistöku reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamstæður. Nánar tiltekið varða viðbæturnar nokkra þætti sem eiga við um útreikning á mati váttryggingaskuldar, sbr. einkum 48. gr. og XIV. kafla laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, og reglugerð nr. 55/2022, þ.e.

¹ e. Revised Guidelines on Valuation of Technical Provision.

² e. Guidelines on valuation of technical provision. Þær viðmiðunarreglur voru teknar upp í íslenskan rétt með dreifibréfi, dags. 27. september 2017, til váttryggingafélaga (að undanskildri Viðlagatryggingu Íslands), fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja (tilv. 2017010453).

³ e. Directive 2009/138/EC of the European Parliament and of the Council on the taking-up and pursuit of the business of Insurance and Reinsurance (Solvency II).

⁴ e. Commission Delegated Regulation (EU) 2015/35 of 10 October 2014 Supplementing Directive 2009/138/EC of the European Parliament and of the Council on the taking-up and pursuit of the business of Insurance and Reinsurance (Solvency II) – suppl. Solvency II.

framtíðarstjórnunaraðgerðir og sérfræðimat (e. expert judgement), mat á kostnaði og mat á virði sammingsbundinna réttinda og fjárhagslegra trygginga (e. options and guarantee) með hagrænum sviðsmyndum (e. economic scenario generator) auk þess sem þær kveða á um nánari skýringar við útreikning á væntum hagnaði á framtíðariðgjöldum (e. expected profits in future premiums, EPIFP).

Viðmiðunarreglurnar eru tilkomnar vegna endurskoðunar EIOPA á Gjaldþolsáætlun II (Solvency II) regluverkinu sem framkvæmd var árið 2020 og er þeim einkum ætlað að auka samræmda framkvæmd váttryggingafélaga við útreikning á besta mati váttryggingaskuldar eins og gerð hefur verið grein fyrir í dreifibréfi þessu.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017, um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum evrópsku eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins og tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlitið beinir því til váttryggingafélaga að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur og taka framvegis mið af þeim í starfsemi sinni. Fjármálaeftirlitið mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd við mat á því hvort váttryggingafélög uppfylli kröfur sem fram koma í þeim lögum, reglum og viðmiðunarreglum sem varða Gjaldþolsáætlun II (Solvency II) regluverkið.

Dreifibréf þetta mun birtast á vefsíðu Seðlabankans ásamt slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna.

Virðingarfyllt,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Rúnar Guðmundsson
framkvæmdastjóri
lífeyris og váttrygginga

Jón Ævar Pálmason
sérfræðingur í áhættugreiningu
lífeyris og váttrygginga